

**UNIVERSITY COLLEGE LONDON**

University of London

**EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS**

For The Following Qualification:–

*B.A.*

**Scand. Studs. SC2180: Intermediate Modern Icelandic Language**

COURSE CODE : **SCAN2180**

UNIT VALUE : **1.00**

DATE : **30-APR-04**

TIME : **10.00**

TIME ALLOWED : **3 Hours**

Answer **ALL** questions.

A. (70%) Read the following text carefully and answer the questions below:

Það er sagt að brandarar deyi ef þeir eru útskýrðir. Má ef til vill segja eitthvað svipað um listaverk? Að minnsta kosti vaknar með manni óþægileg tilfinning þegar maður heyrir eða les listamann útskýra fyrir manni listaverk sem maður var búinn að skoða og jafnvel mynda sér skoðun á – í það minnsta fá einhverja tilfinningu fyrir. Það er  
5 enn verra að lesa útskýringu listamannsins á verkinu áður en maður sér verkið sjálfur.

Listskýning listsýninganna á Íslandi núna er Frostvirkni Ólafs Elíassonar í Hafnarhúsinu í Reykjavík, einmitt þegar hann er nýbúinn að leggja heiminn að fótum sér í London með risastórri sól – bókstaflega, fólk leggst á gólfið í verki Ólafs á Tate-safninu í London. Að vísu er ekki alveg ljóst hvort fólkni leggst af virðingu fyrir verkinu (eða  
10 listamanninum) eða af einhverjum öðrum hvötum.

Í Tímariti Morgunblaðsins á sunnudaginn mátti lesa langt viðtal við Ólaf þar sem hann ræddi meðal annars verkin á sýningunni sem opnuð var í Hafnarhúsinu á laugardaginn. Þar sem sunnudagsblað Morgunblaðsins berst flestum borgarbúum síðdegis á laugardegi má ætla að þeir hafi fengið viðtalið í hendurnar rétt eftir að þeir gátu fyrst  
15 skoðað sýninguna. Því má ætla að þeir hafi fyrst séð verkin, og síðar lesið um þau.

En þetta á auðvitað einungis við um boðsgesti á opnuninni á laugardaginn. Hafi manni nú ekki hlotnast sá heiður að berast boðskort, og hafi maður þar að ofan laumast á sýninguna á mánudegi af því að þá er ókeypis í listasafnið, er líklegt að maður hafi verið búinn að lesa útskýringu Ólafs á listaverkunum áður en maður sá þau sjálfur. Það er óhætt  
20 að fullyrða að með slíku er engum gerður greiði, hvorki manni sjálfum né listamanninum – og sennilega síst af öllu listaverkunum.

Mánudagsgesturinn í Hafnarhúsinu sér til dæmis verk Ólafs, Virkni sjóndeildarhrings, með eftirfarandi orð hans í huganum: ‘Sjóndeildarhringurinn tekur breytingum eftir því sem meðvitund um hann eykst. Það er auðvitað hægt að mæla hversu langt í burtu hann er og ég held að á sjónum sé sú fjarlægð um 42 kílómetrar. En ef við stígum upp á ölkassa sjáum við strax einhverjum kílómetrum lengra. Af þessu leiðir að ef þú ert aðeins hærri en ég þá er þinn sjóndeildarhringur allt öðruvísi en minn.’

Þegar mánudagsgesturinn las þessi orð Ólafs daginn áður brást hann af einhverjum ástæðum háðslega við og hugsaði: ‘Þú segir ekki?! Ja þvílík djúphygli og viska!’ Og háðið situr enn í mánudagsgestinum þegar hann ratar inn í salinn þar sem Virkni sjóndeildarhrings er. Með öðrum orðum, mánudagsgesturinn fer ekki með opinn huga að skoða verkið, heldur með formótaðan huga og tekur háðskur á móti verkinu.

Svo situr hann góða stund og upplifir verkið. Stuttu seinna fer mánudagsgesturinn út úr salnum og háðið er horfið úr huga hans. Nokkrum dögum síðar er verkið mánudagsgestinum enn minnisstætt og alls ekki á háðslegum nótum. Þetta var flott verk. En honum er lífsins ómögulegt að koma orðum að því hvers vegna verkið virkaði vel á hann – jafnvel þótt hann hafi verið fullur af háðskum fordómum þegar hann fór að sjá það.

Reyndar botnaði mánudagsgesturinn hvorki upp né niður í vangaveltum Ólafs í 40 Tímaritsviðtalinu. Eiginlega runnu allar hugleiðingar Ólafs um eigin verk út í óskiljanleika í huga mánudagsgestsins, en ef til vill þess vegna staldraði hann við og samsinnti í huganum þeim orðum Ólafs sem skilja má sem svo, að hann sjái ekki alveg tilganginn í því að setja í orð það sem hann setur í listaverkin sín.

Afstaða Ólafs er því tvíræð á afskaplega kunnuglegan hátt: Hann segir eitt en gerir  
45 annað. Hann segist efast um réttmæti þess að útskýra verkin sín, en hann útskýrir þau  
engu að síður. Eða gerir tilraun til þess. En mánudagsgesturinn má til með að nota þetta  
tækifæri til að benda Ólafi á, að listaverkunum hans er alls ekki gerður neinn greiði með  
því að reyna að troða þeim í orð. Þau eru ekki orð. Ef reynt er að umsnúa þeim í orð deyja  
þau.

### Questions:

1. Translate lines 1-10 ('Það er sagt ... hvötum') into English.
2. Answer the following questions (a)-(j) in complete Icelandic sentences:
  - (a) Hvað á höfundur við þegar hann segir að Frostvirkni Ólafs Elíassonar sé 'listsýning listsýninganna' (line 6)?
  - (b) Hvernig er Ólafur Elíasson bókstaflega búinn að leggja heiminn að fótum sér (line 7)?
  - (c) Hvaða borgarbúar gætu hafa fengið viðtalið við listamanninn í hendurnar eftir að hafa séð sýninguna?
  - (d) Hver er ástæðan fyrir að fara á listasafnið á mánudögum frekar en á öðrum dögum?
  - (e) Af hverju er 'engum gerður greiði' (line 20) með því að fá að lesa útskýringu listamanns á listaverkinu sínu áður en maður hefur séð það sjálfur?

- (f) Hvernig líkaði ‘mánudagsgestinum’ listaverkið Virkni sjóndeildarhringsins?
- (g) ‘... hann sjái ekki alveg tilganginn í því að setja í orð það sem hann setur í listaverkin sín’ (lines 42-43). Hvað er átt við með þessu?
- (h) Hvernig er tvíræða afstaða Ólafs afskaplega kunnugleg (line 44)?
- (i) Hvað á höfundur við með lokasetningunni?
- (j) Að hvaða leyti ertu sammála höfundinum?

3. Explain in Icelandic the meaning of the following words/expressions (a)-(d) from the text, all underlined:

- (a) brandari (line 1)
- (b) minnisstætt (line 35)
- (c) koma orðum að (line 36)
- (d) staldra við (line 41)

4. Divide the following compounds (a)-(c) from the text into their individual parts, and write the basic form for each part according to the following pattern:

listaverk: list + verk

- (a) tilfinning (line 2)
- (b) sjóndeildarhringur (line 23)
- (c) óskiljanleiki (line 41)

5. Find THREE unrelated examples of the subjunctive in the text, and explain in each case why it occurs.
6. Change the active clauses (a)-(e) into passive ones, using the personal or impersonal passive as appropriate, according to the following pattern:

Hann gerir tilraun til þess:            tilraun var gerð til þess

- (a) Hann ræddi verkin á sýningunni (line 12)
- (b) Mánudagsgesturinn í Hafnarhúsinu sér verk Ólafs (line 22)
- (c) Ef við stígum upp á ölkassa (lines 25-26)
- (d) Mánudagsgesturinn las þessi orð Ólafs daginn áður (line 28)
- (e) Hann ratar inn í salinn (line 30)

**B. (30%) Write an essay in Icelandic on ONE of the following topics:**

- (a) Hvað er list?
- (b) Hlutverk fornsagna í nútímameningu.
- (c) Ævintýri og 'lygisögur': táknræn viska eða veruleikaflótti?
- (d) Stafar íslensku hætta af tölvupósti og SMS?
- (e) Matur og heilsan.
- (f) Eru auglýsingar skaðlegar?